

Skynsamleg jólainnkaup og heimilisbókhald á nýju ári



Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, hefur um langt árabil sinnt kennslu um fjármál og neytendarétt víða í menntakerfinu, svo sem í menntaskólum, og verið með stundakennslu við Kennaraháskóla Íslands ásamt því að halda námskeið fyrir almenning. Um þessar mundir sér Ragnhildur, ásamt fleiri starfsmönnum Neytendasamtakanna, um námskeið í heimilisbókhaldi sem samtökin standa fyrir meðal félagsmanna og einnig fyrir almenning með tilstyrk Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Neytendablaðið hitti Ragnhildi að máli og spurði hvort hún ætti einhverjar ráðleggingar til lesenda nú rétt fyrir jólahátíðina. „Það er alltaf gott að áætla sérstaka viðburði sem framundan eru, eins og jól, fermingar og ferðalög, svo kostnaður fari ekki fram úr ætlu. Slíkt kemur í veg fyrir að fólk þurfi að horfast í augu við óviðráðanlega greiðslukortareikninga eftir áramót“. Ragnhildur

bendir á að gott sé að áætla kostnað við jólin og fara yfir það hvað sé til á heimilinu sem geti nýst sbr. jólasbraut, ónotuð jólakort, gjafapappír og fleira. Auk þess sé margt af því sem við teljum okkur trú um að við þörfumst aðallega keypt af gömlum vana og við getum vel verið án þess.

Purfa jólin að vera dýr?

„Það er hægt að halda yndisleg jól án þess að kosta miklu til. Margir fara fram úr sjálfum sér þegar kemur að jólagjöfum en við skulum hafa í huga að dýrustu gjafirnar eru ekki endilega þær eftirminnilegustu. Það er hægt að fara ýmsar skemmtilegar og hagkvæmar leiðir í jólagjöfum með því að virkja hugmyndaflugðið og nýta hæfileika sína. Í fyrra gaf ég til dæmis vinkonu minni í jólagjöf fallega skreytt gjafakort þar sem ég skuldbatt mig til að koma í garðinn hennar og klippa tré og runna ásamt því að vinna vorverkin með henni. Hún var mjög ánægð með þessa gjöf og við áttum yndislegar samverustundir við garðverkin. Gjafir af þessum toga kosta ekki fjárútlát en geta verið mjög persónulegar og dýrmætar. Það er alltaf gott að minna sig á að jólin eiga ekki að snúast um dýra hluti heldur samveru og gleðina sem fylgja á jóluunum.“

Er ekki tilvalið að byrja nýtt ár á því að halda heimilisbókhald?

„Svo sannarlega er það gott og margir nota einmitt áramótið til þess að taka sig

á á ýmsum sviðum og þá ekki síst í fjármálunum. Varðandi heimilisbókhaldið þá er það ekki bundið við mánaðamót eða áramót að byrja færslu þess; það er hægt að byrja hvenær sem er. Markmiðið með heimilisbókhaldinu er augljóst. Við fáum betri yfirsýn yfir fjármál okkar og fylgjumst betur með í hvað peningarnir fara í raun og veru. Einnig komum við auga á ýmslegt sem við eyðum ómeðvitað í og getum vel verið án eða dregið úr þeim útgjöldum.“

„Heimilisbókhald er skemmtileg vinna sem margborgar sig“

„Nú þegar fyrirsjáanlegt er að víða krepji að er upplagt tækifæri fyrir fólk að setjast niður og skoða málin“ segir Ragnhildur en bætir við að fjölskyldan verði öll að taka þátt því það sé líklegra til árangurs. „Aðferðafræðin skiptir auðvitað máli og það er mikilvægt að líta á heimilisbókhaldið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Markmiðið er jú að ná tökum á rekstri heimilisins og það getur verið krefjandi og jafnvel spennandi verkefni. Ég vil minna lesendur á heimilisbókhaldsforrit Neytendasamtakanna en félagsmenn hafa aðgang að því á heimasíðu samtakanna. Heimilisbókhaldið er í raun afar einfalt og notendavænt og ég hvet félagsmenn eindregið til að notfæra sér það. Að halda heimilisbókhald er skemmtileg vinna sem margborgar sig.“

Óbreytt árgjald hjá Neytendasamtökunum

Árgjald Neytendasamtakanna verður óbreytt á næsta ári eða 4.300 krónur. Stjórn samtakanna tók þessa ákvörðun vegna þeirra fjárhagslegu vandamála sem heimilin standa frammi fyrir. Um leið vill stjórnin hvetja aðra til að halda verðhækkunum í lágmarki og helst að hækka einfaldlega ekki. Minnt er á að Neytendasamtökin hvöttu til þjóðarsáttar gegn verðhækkunum þegar í byrjun mars með bréfi til forsætisráðherra.

Ljóst er að þessi ákvörðun þýðir að rauntekjur Neytendasamtakanna lækka á næsta ári enda eykst verðbólgan. Félagsgjöldin eru langstærsti hluti tekna Neytendasamtakanna og því munar um minna.

Reynslan hefur sýnt að félagsmönnum fækkar þegar þrengir að hjá heimilunum. Um leið leita fleiri til samtakanna til að fá ráð og leiðbeiningar eða til að kvarta og leita aðstoðar. Einnig koma margir með hugmyndir um það sem betur mætti fara.

Þess vegna er starfsemi Neytendasamtakanna mikilvæg á þeim erfiðu tímum sem við stöndum frammi fyrir. Þörfin fyrir fleiri félagsmenn er einfaldlega meiri nú á krepputímum heldur en á tímum „góðærisins“.

Það er von stjórnar Neytendasamtakanna að félagsmenn sjái ástæðu til að styðja fjálst neytendastarf með áframhaldandi aðild, en einnig að þeir hvetji aðra neytendur til að gera slíkt hið sama. Það er verk að vinna fyrir neytendur.